

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Deiliskipulag Skógarhverfis, áfangi 5.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 11. janúar 2022, deiliskipulag fyrir Skógarhverfi, áfanga 5. Gert er ráð fyrir þéttri byggð m.a. 1-2 hæða fjölbýlis- og sérbýlishúsa. Á vesturjaðri svæðisins er gert ráð fyrir 3-5 hæða fjölbýlishúsum sem verða kennileiti fyrir aðkomuna í bæinn. Gert er ráð fyrir opnu útivistarsvæði með lækjarfarvegi sem verður hluti af blágrænum ofanvatnslausnum og nýtist sem útivistarsvæði.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag Skógarhverfis, áfangi 3C.

Bæjarstjórn Akraneskaupstaðar samþykkti 11. janúar 2022, deiliskipulag fyrir Skógarhverfi, áfanga 3C. Í deiliskipulaginu er m.a. afmarkað nýtt 11,7 ha íbúðarsvæði. Gert er ráð fyrir þéttri byggð tveggja hæða fjölbýlishúsa og einnar og tveggja hæða sérbýlishúsa. Gert er ráð fyrir opnu útivistarsvæði með lækjarfarvegi sem verður hluti af blágrænum ofanvatnslausnum og nýtist sem útivistarsvæði.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 15. febrúar 2022.

Sigurður P. Harðarson, sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs.

B-deild – Útgáfudagur: 16. febrúar 2022